

Nd.

481. L Ö G

um breyting á lögum nr. 49, 10. nóv. 1913, um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbyggju.

(Afgreidd frá Nd. 15. ágúst).

1. gr.

1. gr. laga nr. 49, 10. nóv. 1913, orðist svo:

Bæjarstjórn Ísafjarðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbætur, hafnarkví og hafnarbyggjur, og byggingar og svæði, er þörf er á í sambandi við hafnarbæturnar.

2. gr.

3. gr. laga nr. 49, 10. nóv. 1913, falli niður.